

Fundargerð

49. fundur erfðanefndar landbúnaðarins
Haldin á Keldnaholti 21. maí 2024 kl. 09:30 – 12:00

Mættir: Árni Bragason (ÁB), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), Leó Alexander Guðmundsson (LAG) og Pawel Wasowicz (PW) var á Teams.

Formaður setti fundinn. BKB ritaði fundargerð.

1. Samþykkt dagskrár
Dagskrá samþykkt án athugasemda
2. Samþykkt fundargerða frá 47. og 48. fundum nefndarinnar
Fundargerðir samþykktar án athugasemda
3. Staðamála frá síðasta fundi (BKB)
 - Lokaskýrslur bárust fyrir þrjú verkefni. Blæosp – söfnun og varðveisla, unnið af Samson Bjarnari Harðarsyni lektor við LbhÍ, Áhrif erfðabreytileika á stærð, vöxt og kynþroska sjóbleikju- Arnar Pálsson o.fl., HÍ. Árlegur styrkur til Búnaðarsamtaka Vesturlands vegna hrútakaupa til verndunar sérkenna í sauðfjárstofninum.
 - (BKB) sótti námskeið í NordFrost verkefni í Noregi í apríl. Þar var rætt um stofnun sameiginlegs genbanka fyrir Norðurlöndin sambærilegan fræbbankanum á Svalbarða, samantekt um stöðu mála á Norðurlöndunum verður tekin saman og birt.
 - (BKB) sótti vinnufund ERFÞ á Kýpur í lok apríl, þar var rætt m.a. um virka stofnstærð hvernig hún er metin í hverju landi, til sex mismunandi aðferðir til að reikna út virka stofnstærð, hér á landi eru notaðar æternisupplýsingar.
 - BS verkefni um þróun skyldleikaræktar í íslenska geitfjárstofninum. Leiðbeinendur Þorvaldur Kristjánsson og Birna Kristín Baldursdóttir. Helstu niðurstöður eru að skyldleikarækt hefur minnkað, virka stofnstærðin hefur aukist og framlag helstu ættfeðra og mæðra hefur lækkað.
 - FAO er að uppfæra í þriðja sinn, „State of the World’s Animal Genetic Resources for Food and Agriculture“. Sendu spurningalista sem þarf að svara fyrir lok júní. Birna og Ólöf Ósk ætla að svara spurningalista.

4. Rekstur 2023 og áætlun 2024

Rekstur fyrir 2023 var samþykktur eftir leiðréttingar vegna seinkunnar á greiðslum frá ráðuneytinu.

Erfðanefnd landbúnaðarins	
Rekstraryfirlit 1.1. - 31.12. 2023	
Tekjur:	
Óráðstafað eigið fé 31.12.2022	6.225.446
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR fyrri hluti	6.885.163
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR seinni hluti (áætlað)	1.800.000
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna fundar	78.668
Samtals	14.989.277
Gjöld:	
Lbhí v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir fyrir hluta greiðslur	4.650.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	81.232
ERFP árgjald (800 evrur)	122.519
ERFP fundur/Birna	83.656
Eftirstöðvar styrks (2019) Erfðabreytileiki og erfðatengsl urriða á Íslandi	200.000
Eftirstöðvar styrks (2020)/Arnar Pálsson/Kyn og stórfiskagen í ísl. laxveiðiám	225.000
Eftirstöðvar styrks (2020)/Forystufjársetur/Skráning forystufjár	225.000
Eftirstöðvar styrks (2021)/Birna K. o.fl./Arfgerðagreining geita m,t,t, riðu	225.000
Eftirstöðvar styrks (2021)/Ólöf Ósk o.fl./Arfgerðagreining á muskótturm lit/hross	93.750
Eftirstöðvar styrks (2021) Anna Guðrún Þórðardóttir MS verkefni	225.000
Samtals	10.103.157
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	225.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	165.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2022	250.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2023	1.550.000
Samtals	2.190.000
Eigið fé:	
áætlaður rekstraafgangur 31.12.2023	4.886.120
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2023	4.886.120
Eigið fé að frádregnum skuldbindingum	2.696.120

Erfðanefnd landbúnaðarins	
Drög að áætlun fyrir 2024	
Tekjur:	
Óráðstafað eigið fé 1.1.2024	4.886.120
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR fyrri hluti	7.503.442
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR seinni hluti (áætlað)	1.800.000
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna fúnda (áætlað)	250.000
Samtals	14.439.562
Gjöld:	
LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir	4.000.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	80.000
Málþing	800.000
Nordgen ráðstefna Uppsala (ÁB)	135.628
ERFP árgjald (800 evrur)	120.000
ERFP fundur/Birna	350.000
Samtals	9.457.628
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	225.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	165.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2022	250.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2023	1.550.000
Samtals	2.190.000
Eigið fé:	
Áætlaður rekstrarafgangur 31.12.2024	4.981.934
Eigið fé að frádregnum skuldbindingum	2.791.934

5. Landsáætlun 2024-2028

Landsáætlun er tilbúin og (ÁB) ætlaði að panta fund í ráðuneytinu til að fara yfir fjármál nefndarinnar, kynna landsáætlun og einnig hvort fjármagn fylgi aðgerðaráætlun í Landbúnaðarstefnu 2040.

6. Styrkir 2024

Alls bárust fimm umsóknir um styrk og samþykkt að veita þrem verkefnum styrk. Sótt var um styrki að upphæð kr. 10.285.000 en til ráðstöfunar voru einungis kr. 6.000.000. Ákveðið var að bjóða umsækjendum 82% af umbeðinni upphæð.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð sem sótt var um	Afgreiðsla
Karólína Elísabetardóttir o.fl. RML, HÍ og LbhÍ	„Silfur og gull“ – frumrannsókn á eðli og erfðum kollotta og gula litarins í íslenska sauðfjárstofninum	Kr. 1.985.000	Kr. 1.635.000
Egill Gautason, LbhÍ	Erfðalegur uppruni íslenska hæsnastofnsins	Kr. 4.000.000	Kr. 3.295.000
Arnar Pálsson o.fl. HÍ og Hafró	Hvar hrygna bleikjur þegar árnar hitna?	Kr. 1.300.000	Kr. 1.070.000
Samtals		Kr. 7.285.000	Kr. 6.000.000

7. Önnur mál

(ÁB) dvaldi í Jónshúsi í Kaupmannahöfn á vordögum þar sem hann kynnti sér áherslur í varðveislumálum á Norðurlöndunum. Í ljós kom að mjög mismunandi áherslur eru milli landa og Ísland og Finnland virðast vera með hvað líkastar áherslur og leggja meira upp úr vísindum og samstarf við hagsmunaaðila.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldin 22. október kl. 09:30 á Keldnaholti

Fundi slitið kl. 12